17
7. febr.

Samþykt

fyrir »Samgirðingafjelag Keldhverfinga«.

Hreppsnefndin í Kelduneshreppi í Norður-Þingeyjarsýslu, hefir samkvæmt girðingalögum nr. 66, 22. nóv. 1913, gjört eftirfarandi

samþykt

fyrir »Samgirðingafjelag Keldhverfinga«.

I. Um stjórn fjelagsins, atkvæðisrjett o. fl.

1. gr.

Fjelagið heitir »Samgirðingafjelag Keldhverfinga«.

2. gr.

Í fjelaginu eru ábúendur jarðanna: Garðs, Austurgarðs, Ólafsgerðis, Kílakots, Víkingavatns, Sulta, Lóns og Auðbjargarstaða.

3. gr.

Samgirðingin skiftist í þrjá hluta, er heita Sandgirðing, Veggjagirðing og Breiðugirðing. Sandgirðingin liggi að austan frá Stóra, milli Mosakíls og Stórhólma, beina línu sunnan við Stóruflögu og í Merkiþúfu, þaðan suður í Holubjargakvísl. Veggjagirðing byrji við Kílana hjá Kílakoti, og liggi um Sulti í Lón. Breiðugirðing liggi frá Ólafsgerðishólma norður í Ytri-Vatnsbotn.

4. gr.

Kostnað þann, er leiðir af Sandgirðingunni greiði eigendur eða ábúendur allra jarða, sem í fjelaginu eru. Skiftist hann þannig:

Garður greiði . . .	38 %
Austurgarður . . .	19 —
Ólafsgerði	21 —
Kílakot	6 —
Víkingavatn	7 —
Lón	4 —
Sultir	2 —
Auðbjargarstaðir . .	3 —
Alls	100 %

Kostnað við Veggjagirðinguna greiða jarðirnar:

Víkingavatn með . .	56 %
Kílakot . . — . .	4 —
Lón . . . — . .	27 —
Sultir . . — . .	13 —
Alls	100 %

Kostnað við Breiðugirðinguna greiða jarðirnar:

Kílakot	með	36 %
Víkingav.	—	18 —
Sultir	—	46 —
Alls		100 %

Girðingarnar skulu vera 5 þættar gaddavírsgirðingar, og að öðru leyti eins og lög um girðingar frá 22. nóv. 1913 áskilja.

5. gr.

Til endurgjalds á þeim hluta girðingakostnaðarins, sem fenginn er að láni, svo og til viðhalds girðingunum, skal leggja árlegt gjald á alla bændur, sem í fjelaginu eru, og skiftist það eftir þeim hundraðshlutföllum, sem ákveðin eru í 4. gr. Þeim hluta þessa árgjalds, sem ber að greiða af Veggjagirðingunni, skal þó jafna niður eftir fjártölu innan þeirrar girðingar ár hvert. Fyrir kvíær skal gjalda ferfalt hærra gjald en annað sauðfje. Þó skal að eins þrefalda gjald fyrir ær frá Lóni.

6. gr.

Atkvæði í fjelaginu skulu vera samtals eitt hundrað. Í þeim málum sem snerta alla samgirðinguna í heild, skifast þau þannig:

Garður	hefir	14 atkv.
Austurgarður	—	7 —
Víkingavatu	—	34 —
Ólafsgerði	—	7 —
Kílakot	—	9 —
Sultir	—	13 —
Lón	—	15 —
Auðbjargarstaðir	—	1 —

Í öðrum málum, sem að eins snerta einhverja sjerstaka hluta girðingarinnar, hafa þeir einir atkvæði, sem þær girðingar kosta. Skiftist þá atkvæðisrjetturinn eftir sömu hlutföllum og kostnaðurinn.

7. gr.

Gjalddagi á girðingagjöldum er 1. september ár hvert, og má taka þau lögtaki, ef eigi eru greidd á rjettum tíma.

8. gr.

Eftirlit með girðingunum, niðurjöfnun kostnaðarins og gjaldheimta sje falin 3ja manna stjórn, er kosin sje af fjelagsmönnum á aðalfundi, er haldinn sje í maí ár hvert. Niðurjöfnun og reikningsskil leggist fram á aðalfundi. Lögmætur er aðalfundur þegar $^2/_3$ atkvæða eru á fundi. Sje fundur eigi lögmætur skal boða til fundar á ný, og ræður þá afl atkvæða.

17 7. febr.

II. Um notkun lands innan girðinganna.

9. gr.

Ábúendum þeirra jarða, sem land eiga innan girðinga, skal heimilt að hafa þar fje sitt og gripi, með þeim takmörkunum og skilyrðum, sem talin eru í 10., 11., 12. og 13. gr. Auðbjargarstaðabóndi hefir þó eigi rjett til beitar annarstaðar en á Illatanga, enda sje hann þá afgirtur.

10. gr.

Rjettur manna til að nota land innan girðinganna fer eftir fyrirframgreiðslu þeirra í stofnkostnaði hverrar girðingar, reiknað út hlutfallslega, sbr. 4. gr.

11. gr.

Geldfje má eigi sleppa innan girðinga frá sumarmálum til 16. september. Undanþágu frá þessu ákvæði hafa þó Garðs- og Austurgarðabændur, þegar seint leysir snjó úr afrjett, og mega þá hafa fje sitt innan girðinga, þangað til þrjár vikur eru liðnar af sumri. En taka verða þeir geldfjeð úr girðingunni, þegar fært þykir að reka fje á afrjetti, og aðrir hlutaðeigendur hafa slept sínu fje.

12. gr.

Á vissum tímum árs verða gripa- og fjáreigendur vandlega að gæta þess, að fjenaður þeirra skemmi eigi engi annara landeigenda, eða geri þeim annan skaða, og sje rjettur manna til að nota land sitt innan girðinga bundinn þessu skilyrði. Þessi tímabil eru að því er snertir

Hesta frá 1. maí til 20. september,
Sauðfje frá 10. maí til 12. sept.
Nautgripi alt sumarið fram að 20. sept.

Þó er öllum fjelagsmönnum heimilt að hafa innan girðinga alt sumarið fullorðna hrúta og vankaðar kindur án eftirlits.

13. gr.

Rjett til beitar á hinu afgirta svæði vestan Víkingavatns hafa aðeins ábúendur jarðanna Sulta, Lóns og Víkingavatns. Ábúendur Kílakots mega þó hafa lömb sín innan þessarar girðingar að haustinu. Að öðru leyti afsala eigendur jarðanna Kílakots og Ólafsgerðis rjetti sínum til beitar vestan Víkingavatns, meðan þessari girðingu er haldið við.

14. gr.

Brot gegn samþykt þessari varða 2—20 kr. sektum, er renna í sveitarsjóð.

Samþykt þessi er hjermeð staðfest til að öðlast þegar gildi og birt til eftirbreytni þeim, sem hlut eiga að máli.

Í stjórnarráði Íslands, 7. febr. 1919.

Sigurður Jónsson.

Oddur Hermannsson.